

AUGLÝSING

um breytingu á sérstöku svæðisskipulagi fyrir Fljótsdalslínur 3 og 4, Fljótsdalur - Reyðarfjörður, Fljótsdalslína 4 í Þórudal, Fljótsdalshéraði.

Samkvæmt 5. mgr. 15. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 18. maí 2006 staðfest breytingu á sérstöku svæðisskipulagi fyrir Fljótsdalslínur 3 og 4 frá 24. apríl 2001.

Breytingin felst í því að Fljótsdalslína 4 þar sem hún liggur um Þórudal er færð nær Brúðardalsfjalli á um 2 km kafla.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 18. maí 2006.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.